



Borgarráð

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um afnám þóknunar fyrir nefndarsetu starfsmanna borgarinnar fyrir fundi á vinnutíma.

Á fundi borgarstjórnar þann 19. júní 2018 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Sósíalistasflokks Íslands til meðferðar borgarráðs:

Lagt er til að kjörnir fulltrúar og annað starfsfólk Reykjavíkurborgar fái ekki greitt fyrir stjórnar- og nefndarsetu á vegum borgarinnar og stofnunar og fyrirtækjum á hennar vegum ef fundir og undirbúningur undir þá fer fram á vinnutíma aðalstarfs viðkomandi starfsfólks.

Óskað var eftir umsögn skrifstofu borgarstjórnar um tillöguna að því er varðar kjörna fulltrúa.

Í gildi er samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Í henni kemur m.a. fram að borgarfulltrúar fái greidda þóknun og starfskostnað vegna starfa sinna eftir samþykktinni. Jafnframt fái aðrir kjörnir fulltrúar í nefndum og ráðum borgarinnar greidda þóknun fyrir störf sín eftir ákvæðum hennar. Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að borgarfulltrúar þiggja föst grunnlaun fyrir störf sín hjá Reykjavíkurborg og í þeim felast að fullu greiðslur fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar, þ.m.t. formennsku í öðrum nefndum en fastanefndum, innkomur sem varamenn og setur sem áheyrnarfulltrúar. Í samþykktinni er jafnframt að finna ákvæði um skerðingar og álagsgreiðslur sem ekki verða tíundaðar í umsögn þessari.

Í samþykktinni er jafnframt fjallað um þóknun fyrir störf annarra kjörinna fulltrúa en borgarfulltrúa og fyrstu varamanna framboðslista en þar kemur fram að kjörnir fulltrúar í fastanefndum Reykjavíkurborgar, aðrir en borgarfulltrúar og fyrstu varamenn framboðslista, fái greidda mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Greitt er sérstaklega fyrir setu í hverri fastanefnd.

Samþykktin er í endurskoðun á vettvangi forsætisnefndar m.a. vegna breyttrar nefndaskipunar og fjölgunar borgarfulltrúa.

Kjörnir fulltrúar sem sitja fyrir hönd Reykjavíkurborgar í stjórnnum og/eða nefndum fá greitt í samræmi við þær reglur sem í gildi eru hverju sinni á þeim vettvangi. Það er í höndum þeirra stjórna að ákveða greiðslur fyrir stjórnarstörf en ekki borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar